



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

**Waldorfleikskólinn Sólstafir**  
**Marargötu 6**  
**2019 - 2020**



## Efnisyfirlit

<b>Leiðarljós leikskólans.....</b>	<b>1</b>
<b>Greinargerð staðgengils leikskólastjóra .....</b>	<b>3</b>
<b>Innra mat deilda .....</b>	<b>5</b>
<b>Fjölmening .....</b>	<b>8</b>
<b>3. Ytra mat.....</b>	<b>8</b>
<b>4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....</b>	<b>9</b>
<b>5. Samstarf leik og grunnskóla .....</b>	<b>10</b>
<b>6. Foreldrasamvinna .....</b>	<b>12</b>
<b>Dagskrá Sólstafa 2019- 2020 .....</b>	<b>18</b>
<b>Fylgiskjal 1.....</b>	<b>21</b>
<b>Fylgiskjal 2.....</b>	<b>22</b>
<b>Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>23</b>



Steiner sagði m.a. að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir og því ætti ekki að hefja formlega kennslu heldur efla börnin í leik og að kenna þeim í gegnum leik. Hann lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur. Á þessum áherslum byggjum við m.a. starfið hjá okkur.



Verk dagsins á föstudegi.

**Tilgangi og markmiði Waldorf leikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:**

- Að veita nemendum góða alhliða menntun.
- Að hlúa að heilbrigðum þroska nemenda.
- Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.
- Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
- Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við lífssýn þeirra.

## Greinargerð staðgengils leikskólastjóra

Við búum að því að hafa kraftmikinn og góðan kjarna starfandi á leikskólanum. Nokkrir starfsmenn hafa starfað hjá okkur í mörg ár. Þeir búa yfir mikilli reynslu og hafa kynnt sér Waldorfstefnuna vel.

Á yngstu- og miðdeildinni störfuðu sömu starfsmenn og árið áður. Sem gerði allt starf bæði auðveldara og skemmtilegra. Á elstu deildinni byrjuðu tveir nýir starfsmenn að hausti. Ekki voru þeir lengi í starfi og voru ýmsar ástæður fyrir því. Nokkuð ör starfsmannavelta var í þessum tveimur stöðugildum fram að áramótum en þá komst meiri festa í starfsmannahópinn.

Veikindi starfsmanna voru töluverð sem eykur álag á þá sem eru í vinnu.

Það sem gerði starfið aftur á móti auðveldara var hversu áhugasamir starfsmenn voru og lögðu mikla vinnu í að allt starf gengi vel.

Í nokkur ár hefur staðið til að leikskólinn okkar flytji og sameinist einingunni í Sóltúni. Á foreldrafundi í febrúar kom stjórnarmaður og tilkynnti foreldrum að nú færi að stytast í flutningana. Foreldrar spurðu út í hvort ekki væri hægt að halda starfinu áfram á Marargötu? Því miður er ekki möguleiki á því. Liggja þar fyrir ýmsar ástæður s.s. húsið er gamalt, erfitt er að fá starfsleyfi fyrir leikskóla í svona gömlu húsi og þar fyrir utan er það ekki heppilegt fyrir leikskóla.

Þegar tímasetning var kominn (talað er um mánaðarmótin nóvember - desember) á flutningana varð hreyfing í barnahópnum og sóttu nokkrir foreldrar um fluttning fyrir barnið sitt. Flestir þeir foreldrar sem sóttu um fluttning vilja halda sig innan hverfisins.

Ákveðið var að fylla ekki leikskólann að hausti til að gera fluttningana auðveldari bæði fyrir börnin og starfsfólkið.

Vinna var við húsið að utan í sumar. Fannst starfsfólki það þrengja töluvert að leiksvæði barnanna. Þar sem sumarið var sólríkt og fallett fór starfsfólkið á elstu- og miðdeildinni mikið með börnin á opin svæði og leikvelli í hverfinu.

Misjafnt er hvernig fluttningarnir leggjast í starfsmenn. Flestir eru þó spenntir að fá nýtt og hagkvæmara hús með stórum garði sem bíður upp á mikla möguleika. Starfsfólk veit að vissulega munu fluttningarnir taka á en ætla að hugsa lausnarmiðað.

### **Aldursskipting á milli deilda:**

Á leikskólanum hjá okkur eru 48 börn á þremur deildum.

- Á yngstu deildinni eru tólf börn á aldrinum átján mánaða til rúmlega tveggja ára.
- Á miðdeild eru tólf börn á aldrinum tveggja til rúmlega þriggja ára.
- Á elstu deildinni eru 24 börn á aldrinum frá rúmlega þriggja til sex ára.

Á leikskólanum eru tólf tvítýngd börn. Níu þeirra eiga annað foreldri íslenskt á heimili þriggja barna eru báðir foreldrar erlendir.

### **Starfsmannahópurinn:**

- Á yngstu deildinni starfa fjórir starfsmenn í þremur stöðugildum: Einn grunnskólakennari hálfan daginn, tveir fagmenntaður annar í 50% starfi og einn leiðbeinandi.
- Á miðdeild starfa þrjú starfsmenn: Einn leikskólakennari og tveir leiðbeinendur
- Á elstu deildinni starfa fimm starfsmenn: Einn Waldorfpuppeldisfræðingur í 100% starfi tveir grunnskólakennarar, annar í 80% starfi hinn í 100% starfi, þrjú fagmenntaðir allir í hlutastarfi og einn leiðbeinandi í 80% starfi.
- Í eldhúsi starfar einn starfsmaður í 100% starfi.

Þrettán konur og þrjú karlmenn starfa á leikskólanum.

Starfsmannafundir eru haldnir á þriggja vikna fresti frá klukkan 17:00 – 19:00. Byrjað er á sameiginlegum fundi sem stendur í eina og hálf klukkustund. Daginn áður er dagskrá send til starfsmanna í tölvupósti. Fundirnir eru byggðir upp á eftirfarandi hátt.

Starfsmenn sitja saman í kringum borð. Í upphafi fundar er borin fram hressing. Því næst er farinn hringur, þar sem hver og einn starfsmaður tjáir sig óáreittur um það sem honum liggur á hjarta. Þá er farið yfir það sem liggur fyrir á leikskólanum og síðan er Waldorf fræðsla. Síðasta hálf tímann er fundinum skipt upp og hver deild heldur deildarfund.

Umbætur fyrir næsta skólaár varðandi starfsmannafundina er að ef starfsmenn vilja ræða ákveðin mál koma þeir ábendingum til stjórnenda sem setja málefnið á dagskrá fundarins.

## Innra mat deilda

Yngsta deildin: börn átján mánaða til rúmlega tveggja ára.

Árið áður hafði aðlögun nýrra barna verið mjög krefjandi. Sjö börn höfðu verið tekin inn í aðlögun í einu. Það tók börnin frekar langan tíma að aðlagast vel og var oft mikill grátur.

Mikilvægur umbótaþáttur var gerður þegar í aðlöguninni. Ný börn voru tekin inn í tvennu lagi. Eftir sumarfrí voru fjórar stelpur teknar fyrst inn í aðlögun. Gekk sú aðlögun mjög vel. Þremur vikum seinna voru fjórir strákar teknir inn í aðlögun. Gekk hún einnig mjög vel. Starfsfólkið á deildinni var mjög ánægt með þennan umbótaþátt. Þeim fannst börnin öruggari og þeir náðu að kynnast foreldrum mun betur.

Annar umbótaþáttur var að auka útiveru barnanna á yngstu deildinni. Áður hafði eingöngu verið farið út eftir hádegi. Gætti töluverðar óánægju hjá foreldrum með það. Yfir svartasta skammdegið voru settar upp seríur í garðinn sem gáfu notalega birtu. Nú fara börnin út tvisvar á dag. Útiveran er heldur styttri yfir háveturinn. Starfsfólk deildarinnar er ánægt með þennan umbótaþátt. Þeim finnst að börnin bæði borði betur í hádeginu og sofi betur í lúrnunum. Foreldrar eru einnig ánægðir með þetta.

Á miðdeild eru börn á aldrinum tveggja til þrjúmlega þriggja ára. Útivist á deildinni var stóraukin. Áður hafði oftast verið farið út einu sinni á dag yfir vetratímamann. Nú er farið út tvisvar á dag. Auk þess er farið reglulega í göngutúra um hverfið. Útiveran gagnast öllum vel en þó sérstaklega kraftmiklum börnum. Bæði starfsmenn, foreldrar og börn eru ánægð með þennan umbótaþátt.



Aukin áhersla var á orðaforðakennslu. Kennarar tóku fyrir ákveðin orð og hugtök og unnu með þau í gegnum sögur, leiki og spil.

Mikil áhersla var lögð á að æfa félagsfærni barnanna. Hegðunarráðgjafi frá Þjónustumiðstöð var fenginn á deildina. Með þeirri þjónustu fékk starfsfólk verkfæri til að vinna t.d. með félagsfærni. sem gögnuðust öllum á deildinni.

Á elstu deildinni var haldið áfram að fara í skógarferðir í Öskjuhlíð einu sinni í viku. Farið er þangað með strætisvagni. Í skóginum á leikskólinn sér sérstakan griðastað. Börnin upplifa m.a. árstíðarbreytingar og dýralíf hans. Þau læra að tálga, klifra og leika frjáls. Í skógarferðunum eflist félagsfærni barnanna þar sem leikir þeirra byggjast mikið upp á samvinnu. Leiðin í skógin er flókin og reynir á börnin að fara eftir fyrirmælum. Foreldrar tjá sig reglulega um hversu mikilvægar skógarferðinar eru fyrir börnin og finnast þær vera eitt að því sem gerir leikskólann okkar eftirsóknarverðan.



Klifrað í skóginum



Tónlistakennari kom einn morgun í viku og vann tónlistaverkefni með börnunum á öllum deildum. Börnunum var skipt niður í fámenna hópa, hver og einn hópur vinnur verkefni sem hæfir aldri og þroska barnanna. Elstu börnunum er m.a. kennt á fiðlu. Mikil ánægja er á meðal foreldra, barna og starfsmanna með tónlistartímana.



Tónlist

Skólahópur var frá áramótum. Í honum vinna börnin margvísleg verkefni. Þau lærðu m.a. að skrifa nafnið sitt, þæfa, brjóta pappírsbrot þar sem notuð voru hugtök stærðfræðinnar s.s. helmingur og grunnformin. Einnig var unnið með rím og takt. Í vor var verkum barnanna safnað saman og útbúin bók úr þeim. Börnunum var afhent bókin þegar þau útskrifuðust úr leikskólanum.

Töluvert var um tvítýngd börn hjá okkur. Talmeinafræðingar þjónustumiðstöðvar kynntu tíu mínútna talþjálfunina fyrir starfsmönnum. Á elstu deildinni tókum við hana upp. Fundu kennarar að með þessari þjálfun fór tvítýngdu börnunum okkar töluvert fram í íslensku.

Í upphafi skólaárs var töluverður óróleiki í hópnum þegar frjálsi leikurinn var í gangi. Brugðið var þá á það ráð að skipta börnunum niður í tvo hópa. Við það varð meiri ró í hópnum og meiri ánægja hjá börnunum í leiknum.

## Fjölmening

Eins og áður hefur komið fram eru börn hjá okkur frá ýmsum þjóðlöndum. Auk þeirra eru nokkrir erlendir starfsmenn einnig frá ýmsum þjóðlöndum. Fjölbreytileikinn er mikill auður sem stöðugt er hægt að byggja á, Börnin fá að kynnst tungumáli barnanna í gegnum söng, leiki og frásagnir. Í samverustundum eru reglulega sungin erlend lög á þeim tungumálum sem börnin í hópnum tala.

## 3. Ytra mat

Skólaeiningar Sólstafa eru þrjár. Tveir leikskólar, annar í Sóltúni 6 og hinn á Marargötu 6 og grunnskóli sem staðsettur er í Sóltúni 6.

Samráðsfundir leikskólanna eru haldnir vikulega. Á samráðsfundunum eru teknar ákvarðanir um sameiginleg mál skólanna. Stjórnendur leikskólanna, tveir deildarstjórar frá okkur og leikskólastjóri funda með stjórn skólans vikulega. Farið er yfir þau mál sem liggja fyrir og eru atburðir og starfshættir eru endurmetnir.

Starfsmannafundir leikskólans eru á þriggja vikna fresti. Á þeim er farið m.a. yfir daglegt starf og viðburði og starfið endurmetið. Skipulag og endurmat nær til allra þátta leikskólastarfsins.

Þeir aðilar sem einnig taka þátt í ytra matinu eru Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Vinnueftirlit ríkisins og Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Heilbrigðiseftirlitið gerði úttekt á Marargötu. Gera þarf úrbætur í almennu viðhaldi. Leikskólinn fékk undanþágu frá meiriháttar viðhaldi vegna fyrirhugaðra flutninga í Sóltúnið.

Slökkviliðið gerði úttekt án athugasemda.

Framkvæmdir eru við húsið að utanverðu. Vinnueftirlit ríkisins kom og gerði úttekt á öryggisþáttum vinnupalla og benti á það sem betur mátti fara og var það lagfært í kjölfarið.

Reykjavíkurborg framkvæmdi rafræna ánægjukönnun á meðal foreldra. Niðurstöður könnunarinnar kom að mestu leiti vel út hjá okkur. Fórum við vel yfir könnunina á

starfsmannafundi og sáum þar nokkur atriði sem auðvelt væri að lagfæra og gera enn betur. Það helsta sem foreldrar gerðu athugasemd við var starfsmannaveltan á elstu deildinni. Eins og áður hefur komið fram starfa þar fimm starfsmenn. Í tveimur stöðugildum stoppaði fólk stutt við. Ýmsar ástæður voru fyrir því. Einhverjum þurftum við að segja upp á reynslutímanum en aðrir hættu þar sem starfið átti ekki við þá. Eftir áramót byrjuðu tveir nýir starfsmenn á deildinni og eru þeir enn starfandi.

#### **4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla**

Í október kom Marija Ros Pehrson Waldorfkennari frá Svíþjóð og hélt fyrirlestur fyrir starfsfólk og áhugasama foreldra um uppbyggingu og helstu áherslur í Waldorfnámskránni.

Sameiginleg endurmenntun leikskóla Sólstafa var í Sóltúni á starfsdegi 23. október. Kanadísku Waldorfkennararnir Holly og Michal Soule voru með kennslu í hugmyndafræði og vinnustofur um vinnu Waldorfleikskólakennara.

Á vor foreldrafundinum kom Waldorf grunnskólakennari sem mun kenna fyrsta bekk næsta skólaár. Hann var með fræðslu um hvernig kennslan og fyrstu árin í Waldorf grunnskóla eru byggð upp.

Starfsmannafundir eru haldnir þriðja hvern fimmtudag frá kl. 17:00 til kl. 19:00. Á þeim er m.a. alltaf fræðsla um hugmyndafræði Waldorfs uppeldisstefnunar. Í vetur hefur t.d. verið fjallað um, vatnslitun, þroskaferli barnsins, starfsmenn sem fyrirmyndir svo fátt eitt sé nefnt.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í lok maí. Fyrir viðtalið fékk starfsfólk eyðublað með umræðupunktum til að undirbúa sig fyrir það. Hver starfsmaður fékk eina klukkustund.

Flestir starfsmenn nefndu að þeir væru ánægðir í vinnunni og finndu ekki fyrir miklu álagi. Auk þess benti starfsfólk á það sem betur mætti fara.

## 5. Samstarf leik og grunnskóla



Drekaleikur í skóginum

Töluverð samvinna er á milli leik og grunnskóla Sólstafa. Ýmsar sameiginlegar hátíðir eru fastur punktur í samstarfinu eins og uppskeruhátíðin/Mikaelmessa sem haldin er í september í skóginum Öskjuhlíðinni. Elstu börnin á leikskólanum koma einn dag og taka þátt í leiknum

Drekaleikurinn er haldin af Waldorfskólum um víða veröld og er uppskeruhátíð. Hann tengist goðsögninni um baráttu heilags Georgs við dregann. Leikurinn fer fram í grenndarskógi skólans í Öskjuhlíð. Hver bekkur í grunnskólanum býr til húsakynni úr náttúrulegum efnivið skógarins og myndar lítið þorp. Í kringum þorpið sveima drekar sem eiga dyngju í Drekaskógi. Þeir fylgjast með þorpsbúum og geta náð þeim ef þeir eru iðjulausir og stungið þeim í dyngju sína. Hugrökku þorpsbúarnir geta hætt sér inn í Drekaskógin og náð borðum

sem eru þeim töfrum gæddir að ef þeim tekst að henda borða inn í Drekyngjuna, frelsast allir og leikurinn heldur áfram. Aðrir þurfa að leysa þrautir og þannig öðlast frelsi sitt. Grunnskólabörnin eru alla vikuna í skóginum. Þar vinna þau margskonar verkfni sem tengjast hátíðinni. En elstu börnin á leikskólanum fara í skóginum í einn dag og taka þátt í leiknum.



Jólabasarinn er haldinn í lok nóvember. Foreldrar, börn og starfsmenn vinna að undirbúningi hans. Marargötueiningin var með kaffihús og piparkökumálun á síðasta basar. Voru bæði foreldrar og starfsmenn mjög ánægðir með það

Elstu börnin í leikskólanum fara í skólaheimsókn í grunnskólann Sóltúni. Þau eru í skólanum fram að hádegi og taka þátt í því sem er að gerast þar. Kennarar skoðuðu það hvort börnin ættu að fara í heimsókn í aðra grunnskóla í hverfinu. En þar sem börnin frá okkur fara flest í Waldorf grunnskólann og þau sem ekki gera það dreifast á marga aðra skóla ákváðum við að fara aðeins í hann.

Í lok maí er sumarhátíð Sólstafa haldin í Sóltúni. Kennarar, nemendur og börn koma saman og gera sér glaðan dag.

Á vordögum fara öll börn beggja leikskólanna sem orðin eru þriggja ára og fyrsti og annar bekkur grunnskólans saman í sveita og fjöruferð upp í Hvalfjörð og Kjós.



Í fjörunni í Hvalfirðinum

## 6. Foreldrasamvinna



Marteinsmessa

Rík áhersla er lögð á virka og góða foreldrasamvinnu í leikskólanum. Starfið hjá okkur er m.a. byggt upp í kringum árstíðabundnar hátíðir, vinnu og undirbúning jólabasars og vinnudaga. Þátttaka foreldra í öllum þessum uppákomum og störfum er mjög mikilvægur þáttur í starfi leikskólans. Við þessi tækifæri hittast foreldrar, börn og starfsmenn og kynnast, vel, það skilar sér á jákvæðan hátt inn í skólastarfið.



Aðventuhátíð

Tvisvar á ári er haldnir sameiginlegir foreldrafundir, að hausti og eftir áramót. Á haustfundinum er kosið í foreldrafélag og foreldraráð. Í foreldraráðinu sitja einn til tveir foreldrar. Á fundunum er stutt Waldorf-fræðsla, farið yfir hvað er á döfinni og almennt spjall.

Foreldraviðtöl voru á öllum deildum í febrúar. Viku fyrir viðtölin var skráningarblað hengt upp í anddyri leikskólans: Þar geta foreldrar skráð sig í viðtal á þeim tíma sem hentar þeim. Þegar þessi háttur er hafður á verða lítil sem engin forföll í viðtölin.

Foreldrar hafa ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans. Hvort sem er í spjall um hvernig dagurinn hefur gengið eða formleg viðtöl.

Fréttabréf er gefið út á tveggja mánaða fresti, þar kemur fram það helsta sem er á döfinni í leikskólanum. Fréttabréfið er sent á alla foreldra og starfsmenn í tölvupósti og einnig birt á facebook - síðu leikskólans.

Eftir að ný persónuverndarlög tóku gildi var ákveðið á foreldrafundi að senda út formlega skoðanakönnun í tölvupósti um hvort foreldrar vildu leggja niður facebook- síðuna eða hafa hana áfram virka. Allir foreldrar kusu með að hafa síðuna óbreytta en þó með þeim breytingum að ekki yrðu birtar einstaklingsmyndir af börnunum.

Fram að þessu höfum við haft starfsfólk sem hefur talað bæði íslensku og önnur tungumál. Við höfum ekki þurft að leita út fyrir leikskólann eftir túlki. Ef við þurfum á honum að halda munum við leita til túlkaþjónustu.

Þegar tekin eru inn ný börn eru foreldrar boðaðir á fund í leikskólanum. Á honum er farið yfir hugmyndafræði Waldorfsstefnunar, þjónustu leikskólans og til hvers er ætlast af foreldrum. Auk þess er foreldrum kynnt hvernig aðlögun er háttað. Hún tekur yfirleitt eina viku, en getur þó tekið lengri tíma fyrir einstaka barn

Á degi eitt er byrjað á stuttri heimsókn þar sem foreldrar og barn eru saman í eina klukkustund. Næsta dag mætir foreldri með barn og er í tvær klukkustundir. Foreldrið bregður sér frá í stutta stund. Á degi þrjú er foreldri með barninu, ef barnið er tilbúið bregður foreldri sér frá og barnið borðar í leikskólanum. Dagur fjögur er eins og dagur þrjú. Á degi fimm er barnið án foreldris í leikskólanum. Yngstu börnin fara í hvíld. Barnið er sótt eftir hvíldina. Leikskólinn mælist til að aðeins annað foreldrið sé með barninu í aðlögunarferlinu.

Á leikskólanum hjá okkur eru hvorki myndræn né skrifleg fyrirmæli og eru því reglur ekki sýnilegar upp á vegg. Sterkur hrynjandi er gegnumgangandi í öllu okkar starfi. Starfsfólk kennir börnunum reglurnar sem gilda á leikskólanum og eldri börnin kenna þeim yngri.



### Læsi:

Á leikskólanum er unnið með læsi á fjölbreyttan hátt. Börnunum eru sagðar sögur og ævintýri. Í sögunum er unnið með fjölbreyttan orðaforða sem hæfir aldri barnanna. Þau spyrja mikið út í merkingu orða og læra mörg skrýtin og skemmtileg orð í gegnum sögurnar.



Elstu börnin buðu foreldrum sínum á leiksýningu

Á elstu deildinni er hver saga sögð í eina viku. Í lok vikunnar hafa börnin lært hana. Sagan er þá ýmist sett upp í leikrit sem börnin sýna í sögustund eða eitt barn eða fleiri eru sögumenn. Þegar börnin segja söguna nota þau iðulega þann orðaforða sem kom fyrir í sögunni.

Waldorf leikbrúður og margs konar náttúrulegir efnisbútar eru notaðir til að búa til söguvið. Á miðdeild er lesið fyrir börnin. Þau fá að kjósa um hvaða bók er lesin. Sú bók sem flestir völdu er lesin fyrst síðan sú sem næstflestir völdu. Reglulega fá börnin að koma með bók að heiman sem lesin er í sögustund. Auk þess er mikið sungið, sagðar sögur og farið í leiki. Kennari fer reglulega á bókasafnið og tekur þar bækur sem börnin hafa greiðan aðgang að.

Á yngstu deildinni eru sagðar einfaldar sögur. Kennarar nota bækur með myndum sem styðja við textann. Auk þess hafa yngstu börnin greiðan aðgang að bendi og myndabókum.



### Sögustund hjá yngstu

Á öllum deildum er unnið með valda söngtexta, rím, þulur og hreyfileiki í eina til tvær vikur í senn. Allir textarnir tengjast ýmist árstíðinni eða hátíðunum hjá okkur.

Einu sinni í viku á fimmtudögum eru unnið með trölladeig eða bývax. Er þá sett upp söguvið á miðju borði, í kringum það situr kennari með fjögur til sex börn og segir sögu vikunnar með hjálp barnanna. Börnin móta sögupersónurnar eða annað sem sagan byggir á úr trölladeiginu/bývaxinu.



Söngstund a miðdeild

Á elstu deildinni er farið reglulega á bókasafnið með börnin. Við fáum lánaðar um það bil tuttugu bækur í einu. Auk þess á leikskólinn lítið bókasafn. Kennarar á hinum deildunum fara einnig reglulega á bókasafnið og sækja bækur fyrir börnin.

Á öllum deildum er bókahorn með sófa sem börnin sækja mikið í til að skoða bækur og láta lesa fyrir sig.

Einnig eru ýmis konar spil sem kennarar vinna með til að auka orðaforða barnanna.

## Dagskrá Sólstafa 2019- 2020

**Fimmtudaginn 5. september.** Foreldrafundur kl. 18:00 í leikskólanum.

Nánar auglýst síðar.

**Ágúst / september.** Berjadagur. Börnin á elstu deildinni fara í berjamó.

Farið á leikvöll í hverfinu með börnin á miðdeild.

**Föstudaginn 27. september.** Mikjálsmessa uppskeruhátíð á leikskólanum.

Börnin baka drekabrauð og Fred eldar rauða drekasúpu.

Grænmetið sem við ræktuðum í matjurtagarðinum okkar verður tekið upp og borðað.

Í sögustund verður sögð Mikjálssaga.

**Starfsdagur miðvikudaginn 23. október. Leikskólinn verður lokaður.**

**Laugardaginn 2. nóvember.** Jólamarkaður og kaffisala í Waldorfskólanum

Sólstöfum, Sóltúni 6.

Foreldrar taka þátt með því að vinna í eina klukkustund á markaðinum.

**Mánudaginn 11. nóvember.** Martinsmessa /luktarganga.

Foreldrar, börn og starfsmenn ganga syngjandi saman um hverfið með lukt í hönd.

Leikskólinn lokar kl. 16.00.

**Föstudaginn 29. nóvember** kl. 9:00 er aðventuhátíð í leikskólanum. Foreldrar, börn og starfsmenn eiga saman hátíðlega aðventustund.

Foreldrar eru beðnir að mæta með góðgæti á sameiginlegt hlaðborð.

**Föstudaginn 6. desember** er Nikulásarhátíð í leikskólanum.

**Fimmtudaginn 19. desember.** Jólaball í leikskólanum. Börnin á elstu deildinni skreyta jólatréð. Eftir hádegislúrin hjá þeim yngstu koma allir saman og syngja og dansa í kringum tréð.

Jólafrí er frá 20. desember 2019 til 2. Janúar 2020

Starfsdagur er í leikskólanum 2. janúar 2020

Leikskólinn opnar aftur 3. janúar 2020.

## Janúar

- Elstu börnin okkar fara í heimsókn í Waldorfskólann í Sóltún.í
  - Nánar auglýst síðar.

## Febrúar

- **Fimmtudaginn 6. febrúar** kl.18:00 er foreldrafundur í leikskólanum.
- Einstaklingsforeldraviðtöl eru frá 10. til 21. febrúar.
- **Föstudaginn 7. febrúar.** Þorrahátið í leikskólanum.  
Á matseðlinum verður heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.  
Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.

**Opið hús – Waldorfskólanum Sólstöfum Sóltúni 6.  
Nánar auglýst síðar.**

## Mars/ apríl

- **Mánudaginn 4. mars** er bolludagur.
- **Þriðjudaginn 5. mars** er sprengidagur.
  - Á matseðlinum verður baunasúpa.
- **Miðvikudagur 6.mars** er öskudagur.
  - Náttfatapartý í leikskólanum.
- **Laugardaginn 7. mars** kl. 11:00 -13:00 er grímuball í leikskólanum.
  - Kosið verður um þemu á foreldrasíðunni okkar á facebook.
- **Miðvikudaginn 8. apríl** er páskamorgunverður fyrir foreldra og börn. Í leikskólanum.
  - Bakað verður brauð í leikskólanum. Foreldrar eru beðnir að koma með álegg.

**Leikskólinn lokar kl. 16 þennan dag.**

**Páskafrí verður 9.- 13. apríl**

**Leikskólinn opnar aftur þriðjudaginn. 14. apríl.**

- **Fimmtudaginn 25. apríl** er sumardagurinn fyrsti.
  - Leikskólinn er lokaður.

## Maí

- **1.maí.** Verkalýðisdagurinn.
  - Leikskólinn er lokaður.
- Sveitaferð í Miðdal í Kjós. *Dagsetning auglýst þegar nær dregur.*  
Lagt verður af stað kl. 9:30 frá leikskólanum og farið með rútu upp í Hvalfjörð.  
Byrjað verður á að fara í fjöru. Síðan er farið í Miðdal í Kjós. Þar verða grillaðar pylsur, börnin fá að leika sér, og skoða dýrin á bænum  
Komið heim um kl. 14:00. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.

Yngstu börnin gera sér dagamun. Þau munu t.d. fara í göngutúr.

- **Laugardaginn 9. maí** er vinnudagur frá kl. 9:00-15:00
  - Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- **Fimmtudaginn 21. maí** er uppstigningardagur.
  - Leikskólinn er lokaður
- **Fimmtudaginn 28. maí** er sumarhátíð Sólstafa í Waldorfskólanum, Sóltúni 6.
  - Foreldrar/forráðamenn, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir, grill ofl.
- **Föstudaginn 29. maí** er hvítasunnuhátíð á leikskólanum.
  - Börnin eru hvött til að mæta í hvítum fötum. Í hádeginu er boðið upp á hvíta pizzu.
- **Mánudagurinn 1. Júní** annar í hvítasunnu.
  - Leikskólinn er lokaður.
- **Miðvikudagurinn 17. Júní.**
  - Leikskólinn er lokaður.

Sumarfrí er á leikskólanum frá 27. júní til 4. ágúst.

Leikskólinn opnar aftur miðvikudagur. 5. ágúst 2020

## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í þeim tilfellum sem kennarar hafa áhyggjur af þroska eða hegðun barna hefur verið haft samband við þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og leitað ráða hjá þeim. Við höfum átt mjög farsælt og gott samstarf við starfsmenn hennar.

Hegðunarráðgjafi hefur unnið mikið með okkur vegna barna með hegðunarfrávik. Sú vinna hefur skilað góðum árangri.

Auk þess hafa foreldrar hjá okkur leitað til sálfræðings þjónustumiðstöðvar vegna barna sinna.

Talmeinafræðingar hafa komið til okkar og tekið málþroskapróf hjá börnum sem kennarar hafa haft áhyggjur af. Tekið var upp tíu mínútna verkefnið með tvítyngdu börnunum okkar. Starfsmönnum fannst það skila jákvæðum árangri fyrir barnið/börnin og gerði starfsmenn enn meðvitaðri um einstök börn. Eitt barn nýtur sérkennslu í orðaforða kennslu. Deildastjóri þeirra deildar sem barnið er á sinnir henni.

Kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi málörvunar. Í sögustund fer fram mikil orðaforðakennsla. Auk þess eru spil og leikir notuð í kennslu orðaforða. Allir kennarar sinna kennslunni.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með foreldrum barna með frávik og farið yfir stöðu mála. Ýmist eru fundirnir eingöngu með kennara eða kennara og starfsmanni þjónustumiðstöðvar. Ekkert barn er hjá okkur sem tilheyrir fyrsta eða öðrum flokki.

Sérkennslustjóri er í leikskólanum sem heldur utan um og sinnir sérkennslu ásamt kennurum deildanna.

Fyrir næsta skólaár munum við efla orðaforðakennslu. Kennarar munu fara á námskeið t.d. hjá Miðju máls og læsis og einnig er verið að fara yfir kennslugögn og skoða hvað vantar hjá okkur.

## Fylgiskjal 2

### **Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

Eins áður hefur komið fram tókum við upp tíumínútna talþjálfunar verkefnið sem þjónustumiðstöð kynnti fyrir okkur, með tvítyngdu börnunum. Það felst í því að hver starfsmaður á deildinni einbeitir sér sérstaklega að talþjálfun með ákveðnu barni í tíu mínútur á dag. Hann les, spilar talar eða leikur með barninu. Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að nota tungumálið ríkulega. Þegar þeir hafa unnið með barninu kvitta þeir á sérstakt skráningarblað.

Ýmist er unnið í eina eða tvær vikur með verkefnið í senn Með þessari vinnu fær barnið allt að klukkutíma talþjálfun á dag.

Auk þess er unnið mikið með endurtekningar í sögu og söngstundum. Með endurtekningunni læra börnin fjölbreyttan virkna orðaforða.



## Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

### Umsögn foreldraráðs

Leikskólinn Sólstafir á Marargötu starfar samkvæmt Waldorf stefnunni. Þar er lögð áhersla á rútínu og hringferli sem hentar ungum börnum afar vel til að þau finni fyrir öryggi. Morgunstund er mikilvæg fyrir börnin og hefur starfsfólkið lagt mikla áherslu á að börnin mæti í þá stund til að hefja daginn og komast inn í þá hringrás sem einkennir daga skólans. Tekið er tillit til þarfa barnana og hvert þeirra er látið finna fyrir því að það skipti máli sem þátttakandi innan hópsins.

Hringferlið er aðalsmerkið í starfinu og rútínan sem einkennir daginn, vikuna og starfsárið í heild. Þetta er hverju barni mikilvægt og heldur starfsfólk Sólstafa vel utan um þessa stefnu skólans sem skilar sér í vellíðan barnana. Áhersla er lögð á uppbyggjandi, skapandi leiki og tjáningu þar sem börnin fá að njóta sín og læra. Allur efniviður sem unnið er með er úr náttúrunni og börnunum kennt að bera virðingu fyrir henni. Þau eru þátttakendur sem og fullorðna fólkið í leik, söng, matseld og öllu því skapandi sem hægt er að taka sér fyrir hendur innan veggja leikskólans. Þar við bætist áherslan á rólegt og náttúrulegt umhverfi og algjör fjarvera tölva og annarra truflandi raftækja sem er ákaflega kærkomið ástand fyrir börnin okkar. Heilsusamlegt mataræði er til fyrirmyndar.

Útivera er í stóru hlutverki í starfi leikskólans. Börnin sækja í útiveruna nánast hvernig sem viðrar og njóta góðs af henni. Skógarferðirnar sem hafa verið farnar reglulega eru einstaklega vandaðar og vel að þeim staðið. Þessar ferðir hafa gert mikið fyrir börnin, þau upplifa ævintýri og koma heim með nýja reynslu í farteskinu og alls konar sögur. Í vor og sumar hafa framkvæmdir við húsið sett strik í reikninginn en starfsfólkið hefur reynt að leysa úr því með bestu getu meðal annars með því að heimsækja nærliggjandi róluvelli.

Upplýsingagjöf til foreldra er allajafna góð. Upplýsingasíðan á Facebook er mjög virk og það gleður okkur alltaf að fá að sjá myndir úr starfinu.

Það er augljóst að starfsfólk leikskólans er metnaðarfullt og framsækið þegar kemur að því að kenna börnunum en leggja sig einnig fram við að vera þeim góðir félagar og jákvæðar fyrirmyndir.

Vera Sölvadóttir